

82. fundur

## Skólaráðsfundur miðvikudagur 10. september 2019

Fossvogsskóli kl. 8:30

Mættir: Karl og Helga fulltrúar foreldra, Fannar fulltrúi grenndarsamfélagsins, Guðrún Þ. og Halla fulltrúar kennara, Aðalbjörg og Árni skólastjórnendur.

Fundarritari: Árni

### Efni fundar:

- Fulltrúar skólaráðsins.
- Skólastjóráskipti.
- Erindi foreldrahóps varðandi hreinsun á bókakosti skólans.
- Önnur mál.

Halla Gunnarsdóttir kemur inn í ráðið sem fulltrúi kennara í stað Elsu Herjólfsdóttur Skogland. Fannar verður áfram fulltrúi grenndarsamfélagsins. Helga Dögg hefur verið fulltrúi foreldra í fjögur ár en hún hættir núna. Aðalfundur FFF verður 1. október og þá verður kosinn nýr fulltrúi foreldra í ráðið. Karl Óskar verður áfram. Fundur nýs ráðs verður 9. október.

Verið er að taka viðtöl við umsækjendur um skólastjórástöðuna í Fossvogsskóla. Stefnt er að því að ráða innan tveggja vikna.

Rætt um erindi sjö foreldra til skólaráðsins sem varðar áhyggjur þeirra af hreinsun bókakosts á bókasafni. Foreldrarnir vilja láta farga bókasafnskosti skólans og kaupa nýjar bækur á safnið. Bókakostur bókasafns Fossvogsskóla telur í dag um 7800 bækur og voru afskrifað um 1700 bækur þar af um 700 sem talið er að hafi orðið fyrir beinum skemmdum af raka. Skólinn mun leita til SFS með að fá þann hluta bættan. Bókakosturinn var hreinsaður samkvæmt ráðleggingum frá HER sem hefur vottað að nóg sé að gert. Skólaráð sendi HER bréf vegna erindis foreldrahópsins þar sem farið var fram á að eftirlitið svaraði um ákvörðun með hreinsun bókasafnskostsins. HER svaraði erindi skólaráðs þar sem tilgreint er að það standi við sínar ráðleggingar er varðar þrif á bókakostinum, að nóg hafi verið að gert vegna hreinsunar enda hafi skólinn gengið lengra í þeim efnum en HER ráðlagði. Skólaráð mun senda forsvarsmanni foreldrahópsins bréf þar sem gerð verður grein fyrir afstöðu skólaráðs. Afstaða skólaráðs er byggð á framkomnum gögnum um hreinsunaraðferðir og þeirri reynslu sem komin er í starfi skólans það sem af er skólaárinu. Komi hins vegar fram upplýsingar sem reyna á afstöðu ráðsins mun það taka málið aftur fyrir og eins og ávallt með hag nemenda og starfsfólks að leiðarljósi.

Á fundi ráðsins kom fram hugmynd um að FFF beitti sér fyrir því að bókakostur safnsins yrði endurnýjaður smátt og smátt.

Rætt var um heilsufarsmælingar á starfsfólki sl. vor. Helgi Guðbergsson læknir og sérfræðingur í atvinnu- og umhverfissjúkdómum kom á starfsmannafund og greindi frá niðurstöðum mælinganna. Enginn starfsmaður greindist með ofnæmi fyrir umhverfismyglu.

### **Önnur mál**

- Næsti fundur er 9. október kl. 8:30

Fundi slitið upp úr kl. 10:00